

Fundargerð 290. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 12. mars 2009, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Þórður Jónsson, Rebekka Eiríksdóttir, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Egill stetti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 15. október 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 12. febrúar 2009. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 2. mars 2009. Samþykkt.
4. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 9. mars 2009. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Beiðni til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um að leiðrétta mistök við sölu á jörðinni Seljanesi árið 2000. Samþykkt að vísa málinu frá.
2. Bréf dags. 9. mars 2009 frá skólastjóra leikskólans Hólabæjar um starfsemi og rekstur leikskólans í breyttu húsnæði. Hreppsnefnd tekur undir tillögur og efni bréfsins.
3. Bréf dags. 2. mars 2009 frá forsætisráðuneytinu með ósk um upplýsingar um samninga varðandi vatns- og jarðhitaréttindi sem sveitarfélagið hefur átt og á aðild að. Sveitarstjóra og skrifstofu falið að finna þá samninga sem hugsanlega eru til.
4. Bréf dags. 9. mars 2009 frá Starfsmannafélagi Barmahlíðar með ósk um styrk. Samþykkt að veita kr. 70.000 í styrk.
5. Bréf dags. 24. febrúar 2009 frá Þörungaverksmiðjunni hf um hafnarbætur í Reykhólahöfn. Formanni hafnarnefndar og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.
6. Bréf dags. 9. mars 2009 frá gjaldþrota fyrirtæki með ósk um niðurfellingu dráttarvaxta. Samþykkt.
7. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands veitti Reykhólahreppi styrk til að skrásetja og merkja heita hvera á Reykhólum. Næstu skref. Samþykkt að fela sveitarstjóra að finna aðila til verksins.
8. Tölvupóstur dags. 7. febrúar 2009 frá Boga Jónssyni með hugmyndum um notkun gamla frystihússins í Flatey. Sveitarstjóra falið að svara erindinu eins og um var rætt á fundinum.

9. Bréf dags. 17. febrúar 2009 frá hjúkrunarforstjóra Barmahlíðar með ósk um stutt námsleyfi. Samþykkt.
10. Bréf dags. 5. mars 2009 frá Álfatalandi ehf með ósk um að leigja skólahúsnæðið í sumar undir gistingu og veitingastarfsemi. Agli og sveitarstjóra falið að ræða við viðkomandi um málið.
11. Bréf dags. 5. mars 2009 frá Hótel Bjarkalundi (Stekkjarlundi ehf) með ósk um að leigja skólahúsnæði undir ferðamannastarfsemi næstu tvö til fjögur árin. Agli og sveitarstjóra falið að ræða við viðkomandi um málið.
12. Bréf dags. 26. febrúar 2009 frá Eldstoðum ehf varðandi dælu á tankbíl slökkviliðsins. Hreppsnefnd stefnir að því að nota þá dælu sem þegar hefur verið keypt í bílinn.
13. Tillögur að breytingum á húsnæði leikskólans Hólabæjar og að farið verði að taka 12 mánaða börn inn í skólann. Ákveðið að fara í breytingar og lagfæringar á húsnæði leikskólans og að verkinu verði lokið fyrir 10. ágúst 2009. Agli falið að undirbúa og stjórna verkinu. Lagt er til að farið verði að taka 12 mánaða börn inn í leikskólann í samráði við leikskólastjóra. Fundurinn vísar erindinu til mennta- og menningarmálanefndar til umsagnar.
14. Tillaga að endurbótum og flutningi á bókasafni yfir í gamla íþróttasal skólans. Nefndinni líst vel á fyrirbyggjandi hugmyndir. Erindinu vísað til mennta- og menningarmálanefndar til umsagnar.
15. Skýrsla 7002 frá Eldvarnaeftirlitinu (Eldstoðum ehf) varðandi skóla/leiksóla/íþróttahús.
Agli falið að vinna að þeim útbótum sem þörf er á.
16. Skýrsla 7078 frá Eldvarnaeftirlitinu (Eldstoðum ehf) varðandi Barmahlíð.
Agli falið að vinna að þeim útbótum sem þörf er á.

Mál til kynningar:

1. Minnisblað dags. 5. mars 2009 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna samráðsfundar með ráðherrum 5. mars 2009. Kynnt.
2. Tölvupóstur dags. 9. mars 2009 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga um kynningarfund á Ísafirði um möguleika á styrkjum til að taka þátt í evrópskum verkefnum. Eygló mun fylgjast með fundinum á internetinu.
3. Tölvupóstur dags. 6. mars 2009 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga með upplýsingum um ný lög um uppbyggingu og rekstur fráveitu. Kynnt
4. Tölvupóstur dags. 24. febrúar 2009 frá Ástu Sjöfn og Guðmundi á Litlu Grund með þakklæti fyrir leikskólaúrbætur. Kynnt. Hreppsnefnd þakkar hlý orð í sinn garð.
5. Bréf dags. 4. mars 2009 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga með fundargerð stjórnar FV þann 23. febrúar s.l. Kynnt.
6. Bréf dags. 6. mars 2009 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um hagnýtingu niðurstaðna Forvarnardagsins 2009. Kynnt.
7. Bréf dags. 14. febrúar 2009 frá KSÍ með áskorun um að sveitarfélög efli íþróttastarfsemi og eru hvött til uppbyggingu íþróttamannvirkja og styrkja rekstur íþróttastarfsemi. Kynnt.

8. Bréf dags. 16. febrúar 2009 frá samgönguráðuneytinu vegna fjárhagsáætlana 2009 og fjármálalegra upplýsinga. Kynnt.
9. Bréf dags. 20. febrúar 2009 frá samgönguráðuneytinu með áætlunum um úthlutanir framlaga jöfnunarsjóðs á árinu 2009. Kynnt.

Önnur mál:

1. Kaup Reykhólahrepps á hluta í kjallara gamla “mjólkurbúsins” fasteiganr. 212-2751, geymsla 010001 af Reyni Bergsveinssyni. Kaupin samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 17. febrúar 2009.

Önnur mál, liður 1. Karli Kristjánssyni og sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Harald Reynisson.

Önnur mál, liður 2. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið 18:45.

Egill Sigurgeirsson (sign) Sveinn Ragnarsson (sign) Þórður Jónsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign) Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)